


Morgunblaðið

STOFNAD 1913 | 128. TBL. 92. ÁRG.

ÞRIÐJUDAGUR 11. MAÍ 2004

PRENTSMÍÐJA ÁRVAKURS HF. | mbl.is



Michael Ignatieff

Getum tapað stríðinu gegn hryðjuverkum | Spurt og svarað




Hver hlutur á sínum stað

Aðstoðar við að koma skipulagi á hlutina | Daglegt líf



Atgangur bannaður

Gylfi Þór Orrason dæmir fyrsta leik Íslandsmótsins | Íþróttir



Allsherjarnefnd lagði fram breytingatillögur við fjölmiðlafrumvarpið

Eignaraðild fyrirtækja verði takmörkuð við 5%

● Önnur umræða um fjölmiðlafrumvarpið fer fram í dag ● Lögin taki gildi 1. júní 2006 ● „Kemur að verulegu leyti til móts við athugasemdir“

TAKMÖRKUN við að veita útvarpsleyfi fjölmiðli sem er í eigu markaðsráðandi fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu í markaðsráðandi stöðu, skal aðeins taka til fyrirtækis eða fyrirtækjasamstæðu sem veltir yfir tveimur milljörðum króna á ári samkvæmt breytingatillögum við frumvarp um eignarhald á fjölmiðlum sem samþykkt var í allsherjarnefnd Alþingis í gærkvöldi. Önnur veigamikil breytingartillaga við frumvarpið er að fyrirtæki eða fyrirtækjasamstæður, sem eru í markaðsráðandi stöðu og velta yfir tveimur milljörðum á ári, mega ekki eiga meira en 5% í fjölmiðli með útvarpsleyfi. Í upphaflega frumvarpinu máttu þau ekki eiga neitt í fjölmiðlum. Þá er lagt til að lögin taki gildi 1. júní 2006 í stað þess að taka þegar gildi með tveggja ára aðlögunartíma.

„Þetta er lending sem meirihlutinn lagði til eftir að hafa farið vandlega yfir þær athugasemdir sem nefndinni hafa borist við meðferð málsins.“ sagði Bjarni Benediktsson, formaður allsherjarnefndar, að loknum fundi. „Þessar breytingatillögur koma að veru-



Morgunblaðið/Golli

Bjarni Benediktsson, formaður Allsherjarnefndar, svarar fyrirspurnum fréttamanna að loknum þingflokksfundum Sjálfstæðisflokks í gær.

legu leyti til móts við athugasemdir sem fram hafa verið færðar.“

Minnihluti allsherjarnefndar lagði til eftir að breytingatillögurnar voru lagðar fram í gærkvöldi að þeim yrði vísað til umsagnaraðila. Þá lagði formaður nefndarinnar til að málið yrði af-

greitt úr nefndinni. Gekk sú tillaga lengra og var samþykkt.

Bryndís Hlöðversdóttir sagði í gærkvöldi meðferð málsins tilræði við lýðræðið í landinu. Í samtali við Morgunblaðið sagði hún þessar tillögur eyða í engu óvissu um hvort frumvarpið bryti í bága við

stjórnarskrá og EES-samninginn. „Nú er verið að breyta gildistöku-ákvæðinu í 1. júní 2006 og þá hlýtt ég að spyrja hvað liggur svona á. Af hverju má ekki fá lögfræðilít óvilhallra aðila um þessar alvarlegu ásanir sem hafa komið fram. Við fordæmum þessi vinnubrögð.“

Bjarni sagði að langmest hefði verið rætt um í nefndinni hvort þessi lög stönguðust á við stjórnarskrána og evrópskar réttarreglur. „Við teljum að frumvarpið í þeirri mynd sem við tókum það út úr nefndinni eigi að standast þau mannréttindaákvæði sem um er að ræða. Við vekjum þó athygli á því í nefndaráli að það sé í sjálfu sér ekki hægt að útiloka það, að lögin fari í einhverjum sérstökum tilvikum gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Verði það tilfellið, eins og segir í nefndarálitinu, þá þurfi að koma bætur fyrir,“ segir formaður allsherjarnefndar.

Önnur umræða um fjölmiðlafrumvarpið hefst kl. 10.30 á Alþingi í dag.

■ Fjölmiðlafrumvarpið/4



Reuters

Donald Rumsfeld (t.h.) hlýðir á George W. Bush forseta á fundi í Washington í gær.

Bush hrósar Rumsfeld

Segir ráðherrann hafa unnið „frábært starf“

Washington. AP, AFP.

GEORGE W. Bush Bandaríkjaforseti lýsti yfir fullum stuðningi við Donald Rumsfeld varnarmálaráðherra í gær og sagði hann hafa unnið „frábært starf“.

Ummælum forsetans virtist ætlað að kveða niður vangaveltur um að Rumsfeld myndi segja af sér vegna mynda sem sýna misþyrmingar og niðurlægjandi meðferð á fongum í fangelsum Bandaríkjahers í Írak.

„Þú ferð af hugrekki fyrir landi okkar í stríðinu gegn hryðjuverkastarfsemi,“ sagði Bush með Rumsfeld sér við hlið eftir fund með háttsettum embættismönnum í varnarmálaráðuneytinu. „Þú hefur unnið frábært starf. Þú ert öflugur varnarmálaráðherra og þjóð okkar stendur í þakkarskuldból við þig.“

„Móðgun við írösku þjóðina“

Bush viðurkenndi að myndirnar af írösku fongunum hefðu valdið Bandaríkjamönnum miklum álitshnekki. „Þeir sem bera ábyrgð á þessum misþyrmingum hafa valdið skaða sem nær langt út fyrir fangelsisveggina. Þetta hefur gefið sumum tilefni til að draga málstað og markmið okkar í efa.“

Bush hét því að þeir sem misþyrmdu fongunum yrðu dregnir fyrir rétt. Hann sagði að „grimmileg og smánarleg meðferð á íröskum fongum“ yrði rannsökuð rækilega og lýsti henni sem „móðgun við írösku þjóðina“.

Öldungadeild Bandaríkjaþings samþykkti í gærkvöldi ályktun þar sem framferði hermanna er fordæmt.

■ Deilt um hvort/14

Amnesty gagnrýnir her Breta

London. AFP.

MANNRETTINDASAMTÖKIN Amnesty International birta í dag skýrslu þar sem breskir hermenn eru sakaðir um að hafa skotið óbreytta borgara í Írak til bana, m.a. átta ára stúlku, án þess að nokkur ástæða hafi verið til að ætla að hermennirnir hafi verið í hættu.

Í skýrslunni segir ennfremur að breski herinn hafi í mörgum tilvikum látið hjá líða að rannsaka skotárásirnar. Breskir hermenn séu taldir hafa orðið 37 óbreyttum borgurum að bana í Írak frá 1. maí í fyrra þegar því var lýst yfir að hernaðinum væri að mestu lokið í landinu.

■ Ákveða fljótlega/16

Kenjarnar eftir Francisco de Goya sýndar í Listasafninu á Akureyri

„Frægasta listaverk sem komið hefur til Íslands“

Akureyri. Morgunblaðið.

SÝNING á Kenjunum eftir spænska listamanninn Francisco de Goya verður opnuð í Listasafninu á Akureyri á laugardaginn. Hannes Sigurðsson, forstöðumaður safnsins, segir að Kenjarnar séu líklega „frægasta listaverk sem komið hefur til Íslands“. Verk eftir Goya hafa ekki áður verið sýnd hér á landi en hann þykir einn merkasti listamaður sögunnar.

Myndröðin Kenjarnar samanstendur af áttatíu ætingum frá árinu 1799 og eru aðeins örfá frumþrykk af þessari myndröð til í heiminum.

„Konunglega svartlistasafnið í Madrid varðveitir allar upprunalegu koparplötur og eru frumþrykk eftir meistara Goya, frá fyrstu útgáfu þeirra í Madrid árið 1799, hér til sýnis. Fyrsta

útgáfan var sú eina sem Goya leit eftir persónulega, en þau eintök hafa týnst nánast öll. Þetta er auðvitað virtasta og verðmætasta útgáfan. Þetta eru þjóðardýrgripir enda þurfti samþykki bæði menningarmálaráðuneytis Spánar og útflutningsráðuneytisins áður en verkin voru flutt úr landi,“ sagði Hannes. „Þau voru svo flutt með fylgdarliði frá Svartlistasafninu út á flugvöll í Madrid, áfram þannig til Kaupmannahafnar og Keflavíkur, þar sem fulltrúi okkar tók við þeim og ók af stað norður í upphituðum bíl. Hingað bárust verkin svo um miðja nótt.“ Sýningin er framlag Akureyrarbæjar til Listahátíðar í Reykjavík.

■ Frumþrykk Goya/6



Morgunblaðið/Skapti Hallgrímsson

Hannes Sigurðsson með eitt verkið úr myndröðinni eftir Goya. „Heimslit þarf hvorki að vera þung né fyrirferðarmikil frekar en mannsandinn,“ sagði Hannes þegar hann sýndi blaðamanni verkin.